

Orðalisti - veiðar og skip

Að vera á nösunum sagt um skip þegar það var drekkhlaðið. Ef skipið var svo drekkhlaðið á innsiglingunni að akkerisaugu í stefni skipsins voru hálf eða að öllu leyti í kafi var talað um að skipið væri á nösunum, akkerisaugun voru þá sem nasir skipsins (Páll Helgason og Ö.K.).

Astik tæki. Sjá bergmálstæki.

Ánetja. Flækja í neti (Íslensk orðabók, 2007:48).

Ánetjast. Að festast í neti (Íslensk orðabók, 2007:48). Þegar möskvarnir voru of stórir á netunum þá festist fiskurinn í þeim.

Bassahlutur. Veiðihlutur bassans var nefndur bassahlutur. Bassahlutur var yfirleitt ekki lægri en stundum hærri en skipstjórahlutinn (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Bassaskýli. Bassaskýli nefndist skýlið sem oftast var staðsett upp á stýrishúsi veiðiskipsins. Þar hafðist bassinn við og skyggdist um eftir síld úti á miðunum. Dæmi eru um að það hafi verið uppnefnt gónhóll. Stýrishúsið var stundum kallað hóllinn (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Bassi. Yfirmaður, veiðistjóri. Orðið nótabassi og fleiri lík orð eru sömu merkingar. Orðið er líklega frá þeim tíma þegar veiðarnar fóru fram í opnum rónum bátum. Orðið er vafalítið úr norsku: bas, sem er nákvæmlega sömu merkingar. Skylt boss í ensku, baas í hollenzku. Bassinn hafði stundum ekki réttindi til að sigla því skipi sem hann stjórnaði við veiðar. Var þá maður með fullnægjandi réttindi ráðinn til skipstjórnar veiðar (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Basslóð. Bass-load. Sama og síldarlóð (sbr. Stefán Hallgrímsson, Akureyri).

Bátsugla. „Davíða“, gálgí, sem nótabátur (eða bjargbátur) hangir í.

Bergmálstæki. Dýptarmælir. Áhald sem mælir hvað bergmál af hljóði frá skipi er lengi frá sjávarbotni eða fiskitorfu upp á yfirborðið. Þegar farið var að nota sjálfritandi bergmáls-dýptarmæla í íslenskum fiskiskipum við lok seinni heimsstyrjaldarinnar kom fljótlega í ljós að mælar þessir voru ekki einungis til mikilla nota við að sýna samfellda mynd af botnlagi og botndýpi heldur sýndu þeir einnig endurvarp af fiski sem undir skipinu var. Þótt dýptarmælarnir með sínum lóðréttu sendigeislum væru þannig ómissandi við þorskveiðar og ekki síður við veiðar á vetrarsíld suðvestanlands reyndust þeir ekki verða til mikilla nota einir sér á sumarsíldveiðum. Ástæðan var sú að torfurnar eru þá mjög afmarkaðar að flatarmáli þannig að líkurnar fyrir því að sigla beint yfir torfu voru mjög litlar. Það var ekki fyrr en bergmálstæki, sem sendu láréttan hljóðgeisla út frá skipinu, komu til sögunnar að unnt reyndist að finna síldartorfur sem ekki voru vaðandi á úthafinu. Hið svokallaða Asdik tæki byggir á bergmálsmælingum og nemur það endurvarp frá þéttum fiskitorfum eða stórhveli í allt að einnar sjómílu fjarlægð frá skipinu.

Tækið var fyrst notað á Íslandsmiðum árið 1950 í norska hafrannsóknaskipinu G.O.Sars þar sem hinn þekkti norski fiskifræðingur Finn Devold var leiðingursstjóri.

Fyrsta asdik tækið í eigu Íslendinga var sett í varðskipið *Ægi* síðsumars árið 1953. Það var fyrst tekið í notkun í sameiginlegum haf- og síldarrannsóknum Dana, Norðmanna og Íslendinga vorið 1954. Unnsteinn Stefánsson haffræðingur stýrði íslenska leiðangrinum en Kristján Júlíusson var tæknimaður. Hann var þá yfirloftskeytamaður Landhelgsgæslunnar. Síðar átti asdik tækið eftir að þjóna síldveiðiflotanum við síldarleit á Norður- og Austurlandsmiðum og stóð þá Jakob Jakobsson fiskifræðingur löngum við stjórnvölinn. Segja má að síldarleitin á *Ægi* hafi skipt sköpum í stórauknum síldveiðum Íslendinga á 7. áratug 20. aldar og varð Jakob Jakobsson þjóðkunnur af störfum sínum þar um borð (heimild: tölvupóstur frá Jakobi Jakobssyni 5. september 2011).

Bimmi. Framlenging á bómu krana eða skips (þarf að athuga hvort þetta var notað í síldinni) Sigurður Fanndal í september 2011.

Bommerta. Glappaskot, mistök (Íslensk orðabók, 2007:101). Notað í daglegu tali ef einhver gerir mistök (sbr. Ámundi Gunnarsson á Siglufirði).

Botnvarpa. Veiðarfæri (netpoki) sem dregið er eftir sjávarbotni. Sjá síldarbotnvarpa.

Bóma. Rá eða ás sem hékk á frammastri og notuð var til hífingar. Einnig fyrir segl, sbr. klýfurbóma.

Bryggjusporður. Bryggjuendi.

Búmm. Misheppnað kast á síldartorfu, bom á norsku. Skyld merking er t.d. í orðinu bommerta, (= mistök, glapapskot) sem mun vera komið úr dönsku, en bommert (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Búmma. Að búmma = að mistakast síldarkast, bomme á norsku (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Bússur, klofstígvel, vöðlur. Klofhá stígvel sem brotin voru niður.

Dallur. Notað um lélegt skip eða í óvirðingaskyni, t.d. „óttalegur dallur“. Sbr. „dallarnir lunningafullir“ í laginu Loðnuvalsinn. Lag eftir Jónatan Ólafsson og texti eftir Núma Þorbergsson.

Dampur. Tökuorð úr norsku sem merkir gufa. Orðið dampur var einnig notað um stór skip (sbr. viðtal við Dórótheu Sigurlaugu Jónsdóttur, 13. nóvember 1993). Sjá dampsík.

Damskip. Gufuskip, eimskip (Íslensk orðabók, 2007:139).

Demantssíld. Stærsta síldin orðin feitust síðsumars var alltaf talin best og dýrmætust til söltunar.

Doppa. „Skjólflik, stakkur úr grófu, þykku vaðmáli, reimaður að um hálsinn.“ (sbr. Íslenzk orðabók Menningarsjóðs). Ullarflókaflík sem var höfð innan undir sjóstaknum í kuldatíð. Mönnum þótti gott að vinna í þessu við aðrar aðstæður án sjóstakksins og menn unnu talsvert í doppum á síldarplani. Tvær doppur til á Síldarminjasafninu.

Fiskileitartæki. Sjá bergmálstæki.

Fisksjá. Sjá bergmálstæki.

Galeon. Seglskip frá 15. öld (Sjómennsku- og tækniorðasafn – danskt-íslenskt / íslenskt-danskt. Franz Gíslason, 2002).

Galljóna. Samkvæmt dönsk - íslensku sjómennsku- og tækniorðasafni merkir galion stafnhús fremst á seglkipi. Gå på galionen – fara á klósettið (Sjómennsku- og tækniorðasafn – danskt-íslenskt / íslenskt-danskt. Franz Gíslason, 2002). Getur verið að þetta orð hafi líka verið notað um stafnlíkneski? Óljósar heimildir frá Akureyri.

Gallíonsfigúr. Stafnlíkan. (Sjómennsku- og tækniorðasafn – danskt-íslenskt / íslenskt-danskt. Franz Gíslason, 2002).

Hafsíld. Stórsíld.

Hanafótur. Kaðallykkja, 75 sm, sem liggur niður úr neðri teini, blýteini, síldarnótar. Hanafætur liggja niður úr neðri teini síldarnótar. Í neðri enda hvers hanafótar er sterkur málmhringur sem hægt er að opna og loka. Hluti af hringnum er einskonar gikkur, (hane, hani) sem stálfjöður heldur í skorðum. Hanefot á norsku, gikkfótur, gikkleggur; hane = gikkur, hani, sbr. byssuhani, byssugikkur (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Hani. Hluti af snurpuhring er einskonar gikkur, (hane, hani) sem stálfjöður heldur í skorðum. Hanefot á norsku, gikkfótur, gikkleggur; hane = gikkur, hani, sbr. byssuhani, byssugikkur (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks, ÖK).

Háfa = have á norsku, hav, haaf á skyldum málum. Að taka síld eða annan fisk í netpoka eða netkörfu. Sjá háfur. Trúlega skylt sögninni að hefja = lyfta (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Háfur = netkarfa eða netpoki til að háfa með (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Einnig nokkurs konar netskófla til Að moka síld varlega, þegar landað var til söltunar.

Háls, hálsband, kútband – sjá reknet (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Háfa. Sögnin að háfa. Háve á norsku, hav, haaf á skyldum málum. Að taka síld eða annan fisk í netpoka eða netkörfu. Sjá háfur. Trúlega skylt sögninni að hefja = lyfta (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Háflás. Í honum var vír, um 4 metrar, svo var settur kaðall við endann á vírnum (Haukur Haraldsson 2010).

Háfur, síldarháfur. Netkarfa eða netpoki til að háfa með (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Háfurinn er þannig útbúinn, að poki úr þéttriðnu neti er festur á stálhring. Í botninum er háfurinn herptur saman og er þess vegna auðvelt að opna hann. Honum er sökkt niður í herpinótina, sem morar af síld, hafinn upp með vindunni og losað úr honum á þilfar skipsins eða í lestina. Hægt er að háfa 200-400 tunnur um bord á klukkustund (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Háls, hálsband, kútband – sjá reknet (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Herpinót. Snurpinót, snyrpinót. Orðið herpinót var tilraun til að íslenska orðið snurpinót sem líklega er komið úr norsku. Herpinót var vanalega 150-230 faðma löng, 25-30 faðma djúp og mjög þéttriðin. Efri teinninn er þétt settur korkflám, sem halda nótinni á floti. Á neðri teininum er komið fyrir blýsökkum, sem þyngja nótina niður. Á hann eru festir allstórir hringar, sem hægt er að opna. Í hringa þessa er þraeddur herpistrengur, „snurpulína“ sem er nokkru lengri en herpinótin. Venjulega eru tveir nótabátar notaðar við veiðarnar, og er þá sínum helgmingi nótarinnar komið fyrir í hvorum báti. Talið er að sjómenn í Rhode Island í Bandaríkjum hafi fundið upp herpinótina árið 1826. Norðmenn urðu fyrstir til að taka upp þessa veiðiaðferð hér í álfu. Um 1880 heppnuðust tilraunir með herpinót bæði í Noregi og Svíþjóð. Fyrir síðustu heimsstyrjöld voru 95% af íslenska síldaraflanum veidd í herpinót. Ekki var hægt að nota herpinót ef síldin var strjál, síldin þurfti að vera í torfum til þess að þetta bæri góðan árangur. Síldveiði við Ísland byggðist á því að síldin kæmi upp í yfirborðið (Ástvaldur Eydal bls. 28-34). Athuga bókina Virkir dagar. Þar er nákvæm lýsing á herpinótaveiðum. Bls. 391-395. Athuga fyrst er verið að lýsa herpinótaveiðum eins og þær voru um 1940 en seinna, bls. 394, er verið að lýsa veiðunum þegar Sæmundur byrjaði síldveiði. Guðmundur G. Hagalín tók saman frásögn Sæmundar.

„Hífa, slaka, gera eitthvað!“ Sagði Óli Hertervig þegar honum fannst ekki ganga nóg (ekki bundið við síldveiðar). Jónbjörn Óttarsson (eiginmaður R.M.H.) notar þetta líka bæði á sjó og á landi þegar honum finnst mál til komið að koma sér að verki.

Hlutabót. Sjómaður á handfæraveiðum fékk sinn hlut og báturinn sinn, allt miðað við þorskaflann sem fékkst. En ef sjómaðurinn fékk ýsu eða nokkrar keilur, þá átti hann þann afla sjálfur og gat lagt hann inn hjá Gránu sem sína eign. Slíkur keilu- og ýsuafli var nefndur hlutabót. Þetta voru aukatekjur sjómannsins og víst er að hlutabótin kom sér ve, þótt verðið væri aðeins 2-3 aurar kílóð, því allt verð var afar lágt (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 518).

Horsíld. Mögur síld og lítt hæf til söltunar.

Hringnót. Á síðari árum síldarævintýrisins færðist í aukana að nota hringnót við Norðurlandsveiðarnar. Hún er nokkru minni en venjuleg herpinót. Þá er aðeins einn nótabátur notaður og siglir skipið með hann umhverfis torfuna meðan kastað er. Með þessari veiðiaðferð sparast um það bil helmingur mannaflans (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Hringnótabátur. Eftir að hringnótin kom til sögunnar um 1950 bar einn nótarbátur nótina og dró veiðiskipð hann kringum síldartorfuna meðan kastað var.

Kasta nótinni. Þegar nótinni var varpað útbyrðis kringum síldartorfuna.

Kjölsalta, kjölsöltun. Að kjölsalta var það kallað þegar hver branda í skipinu fór til söltunar - allt niður á kjöl skipsins (ÖK).

Kláfur. Togari (Benedikt Sigurðsson, 1990: 422. 2. bindi). Neikvætt orð sbr. ryðkláfur.

Klussaop – klussi. Tökuorð úr dönsku. Klys á dönsku merkir gat á skipshlið fyrir kaðla og festar (sbr. Dönsk-Íslenzk orðabók, 1973).

Kraftblökk. Stórvirk blökk á bómu eða bátsuglu til að innbyrða síldarnót, þannig að nótin gengur gegnum blökkina (sbr. Íslenzk orðabók, 1963). Fiskeleitartæki sem kom til sögunnar 1959. Þessi nýja tækni olli byltingu í síldveiðum og afli jókst gífurlega (Benedikt Sigurðsson, 1990: 131).

Kræða. Kræða merkir smásíld (sbr. Íslenzk orðabók, 1963).

Kræðunót. Net fyrir smásíld.

Kýrauga. Kringlóttur skipsgluggi. Friðrik Friðriksson kallar þetta kúauga, gætu verið norsk eða dönsk áhrif (samtal við Friðrik Friðriksson, 21. janúar 2010).

Kvígubelgur. Flotbelgur sem hélt neti uppi. Sjá reknet. Benedikt Sigurðsson hefur aðeins eina heimild um þetta orð, frá Sigurjóni Sigtryggssini á Siglufirði. Gæti verið bundið við Siglufjörð og Eyjafjörð (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Laggó, laggo, lagó, lago. Notað á nótaveiðum og merkir látið síga eða látið detta (Íslensk orðabók, 2007:572).

„La falla.“ Var kallað þegar nótinni átti að kasta (sbr. Stefán Hallgrímsson, Akureyri).

Lagnet. Notkun lagneta er gömul veiðiaðferð. Netunum er haldið lóðréttum í vatninu með sökkum að neðan og korkflám að ofan. Þeim er lagt á grunnsævi við strendur og fest við stjóra í annan enda netlagnarinnar eða báða. Möskvarnir eru það stórir, að síldin, sem syndir á netið, rétt aðeins kemur hausnum í gegn, en festir sig á tálknlokunum. Lagnet voru sjaldan notuð hér við land. Helst voru þau notuð á haustin, þegar sumarveiðin brást og síldin var þá í háu verði (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Landnótaveiði er sennilega frumstæðasta veiðiaðferðin með netum. Hún er fólgin í því að króa síldina inni í víkum og vogum með stórum netum. Með landnótinni er síldin hrakin upp að landi uns ausa má henni upp með háf. Ef stórrí vík er lokað með nót, eru notaðar smærri nætur til þess að þjappa torfunni saman, svo að hægt sé að háfa síldina upp (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Lassaróni. Róni. „Reiðurum og skipstjórum norsku skipanna gekk illa að manna síldarskipin til Íslandsveiða og urður oft að taka á skip sín menn, sem lítill dugur var í. Og svo þegar skipin komu til Siglufjarðar, þá stukku þessir menn, sem voru nefndir lassarónar, af skipunum og flæktust hér í landi og seldu af sér yfirlahnir, tréskóstígvél og olíukápur, og sváfu svo undir herpinótabátum, er lágu á hvolfi upp á malarkambinum, eða í fjárhúsum og hlöðum. Þeir voru slarkgefnir og drykkfelldir og létu öllum illum látum.“ (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 515).

Lesta = laste á norsku og dönsku, hlaða skip, setja vörur í skipalestir. Sjá losa (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Logg. Hvk. Vegmælir um borð í skipum.

Losa = skipa upp, afferma, „losse.“ Sbr. nafnið *Losun og lestun*, félag hafnarverkamanna á Siglufirði (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Árið 1929 stofnuðu 15-20 verkamenn formlegan félagsskap er nefndist Losunar- og lestunarfélag Siglufjarðar, yfirleitt kallað Losun og lestun. Tilgangurinn með féluginu var að samræma kauptaxta þeirra sem við þetta störfuðu (Benedikt Sigurðsson, 1990: 214-215).

Lóðarfiskur. Presturinn á Hvanneyri fékk það sem kallað var lóðarfiskur. Siglufjarðareyri var hluti úr Hvanneyrarlandi og lóðarfiskurinn var skattur til prestsins, og fékk hann einn fisk úr hverri sjóferð. Vinnumaður prestsins kom á kvöldin, þegar bátarnir voru komnir að og tók við lóðarfiskinum. Var þetta góður fiskur að stærð, venjulega um tuttugu tommu (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 518).

Lunningafullur. Sbr. „dallarnir lunningafullir“ í laginu Loðnuvalsinn. Lag eftir Jónatan Ólafsson og texti eftir Núma Þorbergsson.

Löndun. Uppskipun. Að bíða löndunar – bíða eftir því að afla verði skipað á land (Íslensk orðabók, 2007: 635).

Málfiskur. Fiskur sem þótti góður að stærð, venjulega um tuttugu tommu, var kallaður málfiskur (Ingólfur Kristjánsson, 1988: 518).

Merar. Fjalir sem notaðar voru til að hækka borðstokkinn á skipunum þegar þau komu með fullfermi að landi. Skjólborð, á skipum og bílum.

Möskvi. Præðir í neti mynda tígullaga möskva. Möskvastærð eða möskvavídd var mismunandi eftir því hvaða fiskitegund var verið að veiða.

Nót. Ft. nótir eða nætur. Stórt fiskinet (sbr. Íslenzk orðabók, 1963). Orðið er skylt orðinu net. Gamalt í málinu, en líklega ekki algengt fyrr en síldveiðar hófust (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Nótabassi. Verkstjóri við síldveiðar með nót (sbr. Íslenzk orðabók, 1963). Sjá bassi.

Nótabátur. Hringnótabátur, snurpunótabátur. Venjulega voru tveir nótabátar notaðar við veiðarnar, og var þá sínum helgmingi nótarinna komið fyrir í hvorum báti. (Freyr Jóhannesson,

2006: 20). Þegar sést til síldartorfu nálgast nótabátarnir hana hlið við hlið. Í nánd við torfuna er farið að kasta út nótinni. Bátunum er róið sínum í hvora áttina í hálfhring umhverfis síldartorfuna, þangað til þeir mætast hinum megin við hana. Herpinótin myndar þá rúmgóðan hring um síldartorfunu. Herpistrengurinn er síðan dreginn inn, uns nótin verður eins og stór skál, sem síldin er lokuð inn í. Nótin er síðan dregin inn í bátana með handaflí, þangað til nótarskálin milli bátanna er orðin það grunn, að síldarmorið er hæfilega þétt til þess að hægt sé að háfa upp síldina. Síldinni er ausið upp úr herpinótinni með háfi (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Nótabrúk. Nót eða nætur og það sem þeim heyrir til (sbr. Íslenzk orðabók, 1963). Í sumum tilvikum virðist orðið nótabrúk einnig hafa verið notað um mannskapinn (ÖK).

Nótalag. Nótaveiðihópur, sjá lag. Eingöngu notað um félagsskap um veiði með nótum við land, aldrei um áhöfn skips við veiðar á rúmsjó (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Nótag. Nætur í sjó, tengdar saman á endunum (sbr. Íslenzk orðabók, 1963).

Nótarpoki. Poki sem síldarnót myndar (sbr. Íslenzk orðabók, 1963).

Nunnubuxur – buxur sem tóku við af bússunum eða klofstígvélunum. Kallaðar nunnubuxur af því að þær voru ekki með klauf. Það móttí ekki vera klauf vegna þess að þá gátu menn blotnað.

Polli. Bryggjupolli. Samkvæmt Íslenskri orðabók er orðið polli: „járnstykki upp úr þilfari skips eða hafnarbakka til að festa við landfestar skipa.“ (Íslensk orðabók 2007: 758). Bryggjupollarnir voru að sjálfsögðu tréstaurar á síldarárunum. Algengt var að menn tilltu sér á pollana.

Reknet. Árin 1904 og 1905 ruddi sér til rúms notkun rekneta (Freyr Jóhannsson, 2006: 20). Reknetin voru 11-12 faðma löng og 8-9 faðma djúp. Riðillinn var mismunandi eftir því hvaða síldarstærð þeim var ætlað að veiða. Norðanlands var notaður stærri riðill en sunnanlands, vegna þess að Norðurlandssíldin var stærri en sú sunnlenska. Netafjöldin var mismunandi eftir stærð skipanna, venjulega voru höfð 30-60 net á hverju skipi. Úr netateininum á hverju horni netanna er hnýtt lykkju, sem nefnist kló. Netin eru bundin saman á klónum og lögð í beinan streng hvert fram af öðru. Netasamskeytin eru tengd með netaböndum við gildan kaðal. Olíbornir belgir úr þéttum striga, einn yfir hverjum netasamskeytum, halda netalöggninni uppi. Frá þeim liggja belgjabönd niður að kaðlinum. Netunum er haldið á hæfilegu dýpi með því að stytta eða lengja belgjaböndin. Talið er að reknetaveiðar hafi borist frá Hollandi til Svíþjóðar. Til Noregs barst hún frá Skotlandi og til Íslands frá Noregi (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Reknetkapall eða kapall. Reipi, tóg. Samkvæmt Íslenzkri orðabók Menningarsjóðs merkir kapall reipasamtsæða.

Rópatóg. Kaðall.

Ryðkláfur. Sjá kláfur.

Salning. Klossar ofarlega á mastri þar sem vírvantar festust á, „kræktust“ um.

Silfur hafsins. Líkingarmál um síld, samanber gull Íslands, guðsgjöf.

Síld. Fiskur, lífvera með því nafni. Síld gat líka þýtt vinnan við síldina, sbr. að vera í síld (vera í síldarvinnu) og vera á síld (að veiða síld).

Síldarbassi. Sjá bassi.

Síldarbotnvarpa. Síldarbotnvarpan er afbrigði af venjulegu botnvörpunni, sem ætluð er til þorskveiða. Hún er strýtulöguð með tveimur vængjum, sem ganga fram úr fremri endanum. Á dráttartaugunum eru tveir skásettir hlerar, sem knýja vængina til hliðar við hreyfinguna og halda þannig netpokanum opnum. Á síldarbotnvörpunni er aukahlemmur á miðju vörpuopinu að ofanverðu. Efri teini vörpuopsins er haldið uppi með glerkúlum, en blýsökkum er komið fyrir á neðri teininum, svo að hann fylgir botninum. Þegar botnvarpan er dregin áfram eftir botninum, verður síldin á vegi víðs gins vörpuopsins og lokast inni í afturhluta hennar. Fyrsta skipti sem botnvörpuveiði bar árangur hér við land var í desember 1946 í Kollafirði. Þar veiddist svo mikið í hana að veiðarfærin sprungu (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Síldardolla. Niðrandi orð fyrir síldveiðiskip (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarháfur. Háfur til að háfa síld með (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarfлоти.

Síldarlás. Sérstök nót til að veiða í (og geyma í) síld við land (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarleit. Leitað var skipulega að síldartorfum af skipum og flugvélum.

Síldarleitartæki. „Venjulegasta aðferðin er, að smábátur er láttinn leita hennar með lóðlinu, þ.e. málmpærði með blýsökku í endanum. Þegar báturinn fer yfir síldartorfu, verður sá, sem í lóðlinuna heldur, var við, er síldarnar rekast á hana. Af hnykkjunum getur vanur veiðimaður greint þéttleika og stærð torfunnar.“ (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Síldarlóð. Ef til vill fyrsta tækið sem notað var við síldarleit. Lóðinu var rennt útbýrðis úr netabátnum þar sem von var á síldartorfu og hélt veiðimaðurinn strengnum á milli fingra sér. Þannig nam hann titringinn þegar síldin snerti þráðinn. Þá var stuð – og þá fylltust menn spenningi og kátínu. Talið er að orðtökum að *vera í stuði* og *nú er stuð* séu komin úr þessu síldarmáli norskra síldveiðimann. „Nu er stød ropte den norske sildefiskeren.“

Síldarmerkingar. Árni Friðriksson, fiskifræðingur, hóf síldarmerkingar árið 1948 sem reyndust hafa grundvallarþýðingu fyrir rannsóknir á göngu síldarinnar og því að sanna að Norðurlands-síldin og norska vorgotssíldin voru einn og sami stofninn. Eftir að síldar merktar Íslandi veiddust við Noreg 1948-49 hófst nái samvinna Íslendinga og Norðmanna í rannsóknum á sameiginlegum síldarstofni. Merkingabyssa var notuð við síldarmerkingar.

Síldarmið. Hafsvæði þar sem síld er veidd. Mið: Sjómenn notuðu mið til að miða út veiðisvæði af sjó eða siglingaleið til lendingar. Mið var tekið af einhverju kennileiti á landi, t.d. stað, fjalli eða öðru sem sjómenn notuðu til að miða eða marka af hvar þeir voru staddir. Talað var um að

taka mið, hafa eitthvað fyrir mið, taka mið af sólu (ákveða áttir eftir sólu), taka mið af e-u, miða við e-ð, hafa eitthvað til hliðsjónar. Þaðan kemur orðið mið, sbr. fiskimið, síldarmið. Fiskimið eða síldarmið: staður úti á sjó þar sem fiskur er veiddur, miðað við kennileiti á landi. Talað var um að bregða til miða sem þýddi að svipast um eftir miðum, róa af einu fiskimiði á annað (Íslensk orðabók, 2007: 663).

Síldarnót. Sjá nót.

Síldarskip. Skip á síldveiðum (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarsmugan. Heiti hafsvæðis milli landhelgi Íslands, Færeys og Noregs (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldarstofnar. „Síldarstofnar eru ávallt kenndir við það svæði, sem þeir hrygna á, eða það land, sem er næst því svæði.“ (Haraldur Gunnlaugsson. *Leiðbeiningar við síldarsöltun*, bls. 5).

Síldveiði. Það að veiða síld (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síldver. Staður sem síldveiði er stunduð frá (Íslensk orðabók, 2007: 856).

Síming. „Sérstakt tjöruborið benslagarn. Ættað úr ensku, seaming, sem þýðir saumur, samskeyti eða skeiting. Yfirfært af skeitingunni eða benslunum á garnið.“ (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). Að bensla merkir að njörva saman samliggjandi strengi eða hluti með því að margvefja um þá grönum þræði. Bensla e-ð saman / bensla e-ð við e-ð (Íslensk orðabók, 2007: 74). Orðið er úr almenni sjómannamáli, ekki bundið við síldveiðar sérstaklega.

Sjóstakkur. Vatnsheldur stakkur til að vinna í út á sjó (ÖK).

Skeletti. Líklega komið af enska orðinu „skylight“. Lítill kassi á þilfari skips með mæni og tveimur opnanlegum gluggum á hallandi „þaki.“

Skertur. Kaðallinn á milli reknetakapsins og reknetsins. Tengir reknetið við reknetakapalinn. Frá enda korkteinsins á hverju neti lá band sem kallað var háls eða hálsband. Netin voru bundin saman á hálsinum. Frá hverjum samhnýtingi lá band upp í kapalinn. Þetta band var nefnt skerti (et. kk); flt. skertar. Frá hverjum skerta lá band upp í belgina, áður kútana sem héldu netunum á floti. Þessi bönd voru kölluð kútbönd. Endabelgir á trossunni voru a.m.k. sums staðar kallaðir kvígubelgir. Þessi orð eru öll frá sama manninum, Sigurjóni Sigtryggssyni á Siglufirði, fræðimanni og gömlum netamanni (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks). (eða stertar ath. Grímur Karlsson)

Skilma, skelmir, fiskifæla. Tökuorð úr norsku; skimle. Fisklíkan smíðað úr tréfjöl allt að einn metri á lengd, þyngt í framendann með blýþynnu, hvítmálað. Mjór kaðall bundinn í sporðendann. Notað til að hræða síldina frá því að synda út um nótaropið meðan snurpað var. Talað var um að skilma í nótaropinu. Vestfirðingar kölluðu þetta skelmi. Eyfirðingar notuðu orðið skilmir (Stefán Hallgrímsson, Akureyri). Fiskifæla eða síldarfæla var notað víða um land.

Slefkrókur. Ath. lýsingu Sveins Þorsteinssonar eftir Sigurjóni gamla sjómanni á Siglufirði.

Langur krókur, djúpur, notaður til að húkka beint í nótabátinn, þegar verið var að draga þá. Krókurinn var

Slógrúm. Næsta (eða næst-næsta) rúm framan við skut, grjótrúm. Slógrúmsþófta (Íslensk orðabók, 2007: 923).

Snurpa. Sögnin að snurpa, komin úr norsku at snurpe.

Snurpa. Nótabátar í Þingeyjarsýslu voru kallaðir snurpur.

Snurpinót. Snurpunót. Stór nót til að kasta utan um síldartorfu og draga saman undir henni eins og poki væri. Sjá herpinót.

Snurpuhringur. Hanafætur liggja niður úr neðri teini síldarnótar, sjá hanafótur. Í neðri enda hvers hanafótar er sterkur málmhringur úr kopar, snurpuhringur, sem hægt er að opna og loka. Hluti af hringnum er einskonar gíkkur, (hane, hani) sem stálfjöldur heldur í skorðum (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Snurpilóð. Blýlóð í tógi sem varpað var útbyrðis til að loka nótinni. Dró tógið gegnum hanafætur og lokað nótinni að neðanverðu.

Snurpulína. „Neðst á nótinni eru kaðallykkjur, sem kallaðar eru hanafætur, og í hverri lykkju leikur koparhringur. Gegnum alla þessa hringa liggur grönn en sterk lína, sem er í daglegu máli kölluð snurpulína, en gæti eins vel heitið herpistrengur eða herpilína.“ (Guðmundur G. Hagalín skráir sögu Sæmundar Sæmundssonar skipstjóra í bókinni Virkir dagar, bls. 392). Sinn endinn á línunni er í hvorum nótabát. Þegar línan er dregin inn raða mennirnir í bátunum sér á línuna, hvor bátsáhöfn á sinn enda. Þannig herpist nótin saman að neðan (Guðmundur G. Hagalín skráir sögu Sæmundar Sæmundssonar skipstjóra í bókinni Virkir dagar, bls. 392).

Svartur sjór af síld. Síldin „veður.“ Sjórinn verður gáróttur og dökkur tilsvýndar, þegar síldin hendist um á yfirborðinu. Síldartorfurnar verða þá auðgreindar jafnvel úr allmikilli fjarlægð og sjást greinilega úr lofti. Þess vegna voru flugvélar hentugar til síldarleitar og spöruðu síldarflotanum mikla fyrirhöfn við að leita síldina uppi. Flugvélar önnuðust síldarleit og gerðu síldarskipunum viðvart, hvar síldar væri helst að leita (Ástvaldur Eydal bls. 28-34).

Stuð. Síldarlóð var líklega fyrsta tækið sem notað var við síldarleit. Lóðinu var rennt útbyrðis úr netabátnum þar sem von var á síldartorfu og hélt veiðimaðurinn strengnum á milli fingra sér. Þannig nam hann titringinn þegar síldin snerti þráðinn. Þá var stuð – og þá fylltust menn spenningi og kátínu. Talið er að orðtökin að *vera í stuði* og *nú er stuð séu* komin úr þessu síldarmáli norskra síldveiðimann. „Nu er stöd ropte den norske sildefiskeren.“

Tvílembingar. Tveir síldarbátar sem voru saman um nót nefndust tvílembingar. Venjulega voru tveir nótabátar notaðar við veiðarnar, og var þá sínum helgmingi nótarinnar komið fyrir í hvorum

báti. Fyrir kom að þrír voru saman um nót og voru þá nefndir þrílembingar (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Vantar. Víravantar breyttust seinna í stálvanta, voru þá gerðir úr röri (Haukur Haraldsson 2010).

Vantstrekkjari.

Vegmælir. Sjá logg.

Vinsa. Vinda, lyftivinda, skipsvinda, vélknúin vinda á skipi. Tökuorð úr ensku, af nafnorðinu winche. Ekki einvörðungu tengt máli síldarfólks (Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks).

Þrílembingar. Venjulegas voru tveir nótabátar notaðar við veiðarnar, en fyrir að tvö og jafnvel þrjú veiðiskip væru saman um nótina og voru þá ýmist nefndir tvílembingar eða þrílembingar (ÖK - Benedikt Sigurðsson. Orð úr máli síldarfólks)

Purrka nótina. Þegar nótin var dregin um borð í nótabátana með handaflí.